

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. júlí í máli nr. 42/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa hefur móttakið beiðni X, hér eftir sóknaraðili, dags. 24. maí 2023, um að kæruneftndin taki mál nr. 42/2023 upp að nýju. Var málinu vísað frá kæruneftndinni af ritara nefndarinnar þann 9. maí 2023 á þeim grundvelli að ágreiningur málsins félli ekki undir gildissvið laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Í ákvörðun ritara kom fram að samkvæmt a. lið 2. mgr. 3. gr. laganna gilda þau ekki um heilbrigðisþjónustu og ætti því málið ekki undir lögsögu kæruneftndarinnar. Meðfylgjandi beiðni sóknaraðila er tölvubréf embættis Landlæknis, dags. 13. apríl 2023, sem var að finna í gögnum málsins.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga. Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa getur ritari nefndarinnar tekið ákvörðun um að vísa máli frá þegar augljóst er að mál heyrir ekki undir lögsögu nefndarinnar. Þá segir að beiðni neytanda skuli nefndin taka ákvörðun ritara til endurskoðunar.

Í beiðni sóknaraðila kemur fram að hann telur ágreiningsefnið ekki falla undir hugtakið heilbrigðisþjónusta. Vísar sóknaraðili til þess að embætti landlæknis virðist taka undir þá túlkun enda hafi málinu verið vísað frá embættinu með þeim rökum að gjaldtaka seljanda heilbrigðisþjónustu heyri ekki undir það. Með kvörtun í máli nr. 42/2023 kveðst sóknaraðili ekki hafa verið að kvarta undan sérhæfðri þjónustu fagaðila lækninga heldur hafi sóknaraðili verið að kvarta undan skorti á upplýsingum um gjald sem tekið var fyrir þjónustuna og villandi lýsingu á heimasíðu seljanda um gjaldtöku fyrir þjónustuna. Hafi það haft í för með sér að sóknaraðili hafi með engu móti getað gert sér grein fyrir kostnaði þjónustunnar. Þá hafi sóknaraðili verið látinn greiða fyrir rannsóknir sem hann kveðst hvorki hafa beðið um né verið upplýstur um að yrðu gerðar.

Líkt og kemur fram í ákvörðun ritara í máli nr. 42/2023 starfar kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 81/2019 og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga. Samkvæmt a. lið 2. mgr. 3. gr. laganna gilda þau ekki um heilbrigðisþjónustu. Framangreint ákvæði laganna felur í sér innleiðingu á h-lið 2. mgr. 2. gr. tilskipunar nr. 2009/22/EB. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 81/2019 er tiltekið að umrædd tilskipun er lágmarkstilskipun og hafa aðildarríki því nokkurt svigrúm til útfærslu við innleiðingu hennar. Í athugasemdum við frumvarpið er lagt til að við túlkun fyrrnefnds ákvæðis a. liðar 2. mgr. 3. gr. laganna sé stuðst við hugtakið heilbrigðisþjónusta í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar. Hugtakið heilbrigðisþjónusta er þar skilgreint

sem „[h]vers kyns heilsugæsla, lækningar, hjúkrun, almenn og sérhæfð sjúkrahúspjónusta, sjúkraflutningar, hjálpertækjapjónusta og þjónusta heilbrigðisstarfsmanna innan og utan heilbrigðisstofnana sem veitt er í því skyni að efla heilbrigði, fyrirbyggja, greina eða meðhöndla sjúkdóma og endurhæfa sjúklinga.“

Í málinu liggur fyrir að gagnaðili sóknaraðila í málinu er seljandi heilbrigðisþjónustu og að rekja megi ágreininginn að mati sóknaraðila til skorts á upplýsingum um gjaldtöku vegna veitingu heilbrigðisþjónustu auk þess sem rannsóknir hefðu verið framkvæmdar á honum sem hann hvorki óskaði eftir né var upplýstur um. Ljóst þykir að það er læknisfræðilegt mat þess sem selur heilbrigðisþjónustu hvers konar rannsóknir og skoðanir þörf er á fyrir viðkomandi heilbrigðisþjónustu. Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa er ekki fært að leggja mat á slíkt. Þá taka lög nr. 81/2019 ekki til heilbrigðisþjónustu án þess að þar sé greint á milli í hverju ágreiningurinn felist. Kærunefndin telur sér því ekki unnt að taka afstöðu til ágreinings sóknaraðila og telur hann ekki heyra undir gildissvið laga nr. 81/2019.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson